

RAFORKUHÓPUR ORKUSPÁRNEFNDAR

Landsnet - Norðurorka – Orkubú Vestfjarða - Orkustofnun - Veitur - Rarik - Samorka

Reykjavík, 5. september 2018

FRÉTTATILKYNNING

Raforkuhópur orkuspárnefndar hefur gefið út endurreikning á spá frá 2015 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum undir heitinu Raforkuspá 2018-2050. Áætluð notkun til lengri tíma litið er heldur meiri nú en spánni frá 2015, sérstaklega notkun orkufreks iðnaðar (úttekt frá flutningskerfinu) enda er eins og í fyrri spám einungis tekið tillit til samninga sem gerðir hafa verið um slíka orkusölu þegar spáin er gerð. Samkvæmt þessari spá mun afhending frá dreifikerfinu aukast um 8% fram til 2020 og um 80% alls til 2050 og eru dreifitöp meðtalin. Árleg aukning þessarar notkunar er 1,8% að meðaltali næstu 33 árin og eykst notkun um 2.815 GWh í orku og 464 MW í afli yfir spátímabilið, frá árinu 2017 til ársins 2050.

Áætluð forgangsrorka sem afhent er frá dreifikerfinu hefur við þennan endurreikning aukist um 140 GWh fram til ársins 2030 en dregst saman um 32 GWh árið 2050 frá því sem fram kemur í spánni frá 2015. Notkun heimila, veitna og fiskveiða er meiri en í spánni frá 2015, á móti kemur minni notkun í iðnaði, þjónustu og landbúnaði.

Þar sem orkuskipti í samgöngum hafa gengið heldur hraðar fyrir sig að undanförunu en gert var ráð fyrir í spánni frá 2015 var þeim nú flýtt um þrjú ár sem hefur þau áhrif að orkunotkun á heimilum og þjónustu eykst á árunum 2020 til 2030. Niðurstaðan verður aukning um 130 GWh við lok spátímabilsins.


Notkun gagnavera hefur aukist töluvert frá spánni 2015. Þessi notkun er að stærstum hluta tekin frá flutningskerfinu (stórnotendur). Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að gagnaver noti um 1.200 GWh í orku og 140 MW í afli.

Í endurreikningi er notuð mannfjöldaspá Hagstofu Íslands frá október 2017, hún gerir ráð fyrir meiri fólksfjölda en miðað var við í spánni frá 2015. Munurinn er um 16.500 manns á árinu 2022 og við lok tímabilsins er munurinn aðeins minni eða 10.500 manns. Meiri fólksfjöldi eykur raforkunotkun heimila og atvinnulífs.


Að raforkuhópi orkuspárnefnd standa Landsnet, Orkubú Vestfjarða, Orkustofnun, Norðurorka, Veitur, Rarik og Samorka. Í orkuspárnefnd eru fulltrúar Orkustofnunar, Hagstofu Íslands og Þjóðskrár Íslands auk formanna raforku-, eldsneytis- og jarðvarmahóps nefndarinnar.

Nánari upplýsingar um raforkuspá veitir Jón Vilhjálmsson hjá EFLU verkfræðistofu, starfsmaður raforkuhópsins, sími: 412 6000.


Raforkuspána má finna á heimasíðu [Orkustofnunar](#) og þar er einnig skýrsla um almennar forsendur orkuspáa sem raforkuspáin byggir á.



Mynd 3.1 Spá um raforkunotkun, forgangs- og skerðanleg orka, tímabilið 2018–2050 ásamt rauntölum árána 1995–2017.



Mynd 2.1 Spá um raforkunotkun rafbíla og lesta á árin 2010–2050.



Mynd 2.2 Spá um raforkunotkun gagnavera, sem fá orku beint frá flutningskerfinu, árin 2018-2030 og rauntölur árána 2011–2017.